Sýningargerð og varðveisla safngripa

Seinni hluti:
Myndaalbúm

Nathalie Jacqueminet

Sýningargerð og varðveisla safngripa
Seinni hluti: Myndaalbúm

Höfundur: Nathalie Jacqueminet
Málfarslestur: Valgerður Þórðardóttir
Hönnun og umbrot: Nathalie Jacqueminet

Þakkir: Áslaug Marinósdóttir, Auður Lóa Guðnadóttir, Auður Stefánsdóttir, Gerðarsafn, Hrefna Clausen, Ingibjörg Áskelsdóttir, Katrín Sigurðardóttir, Listasafn Íslands, Thomas Pausz, Vasare Rastonis og Þjóðminjasafn Íslands

Rétthafi allra ljósmynda er höfundur fyrir utan eftirfarandi myndir:
Myndir 5 og 6: Katrín Sigurðardóttir
Mynd 31: Vasare Rastonis
Mynd 48: Ívar Brynjólfsson
Myndir 54, 55 og 56: Borgarsögusafn Reykjavíkur, Ingibjörg Áskelsdóttir

1. útgáfa 2022
Reykjavík

Bók þessa má afrita án skriflegs leyfis höfundar en höfundarins verður ávallt að geta

Styrkt af Safnasjóði, FÍSOS Félag íslenskra safna og safnmanna, ICOM Alþjóðaráði safna-Íslandsdeild, Rannsóknasetri í safnafræðum Háskóla Íslands, með stuðningi NKF-ÍS Félag norrænna forvarða-Ísland og FÍSOS.

ISBN 978-9935-25-167-1

Efnisyfirlit

Uppsetning safngripa – gólf 69
Uppsetning gripa – veggir 75
Uppsetning safngripa – opin rými í staðinn fyrir skápa 85
Sýningarskápar og hönnun 91
Uppsetning safngripa – sýningarskápar 95
Uppsetning viðkvæmra gripa – *Montering* 105
Merkingar 109
Hönnun og öryggi 113
Staðsetning öryggisbúnaðar í sýningarrými 119
Dagsljós 123
Safngripir og skordýr 127
Safngripir og rakastig 131
Umhirða sýningar 135
Bak við grip 137
Listi yfir lykilorð 143

Myndaalbúm

Uppsetning gripa – gólf

Á síðustu 20 árum hef ég jafnt og þétt tekið ljósmyndir í vinnunni eða á ferðalögum með það í huga að nota þær í fræðslu. Þetta eru ekki endilega góðar ljósmyndir, oft teknar í flýti en ég leyfi mér engu að síður að nota þær hér í þessum fræðslutilgangi. Markmiðið er að þjálfa augun í að taka eftir bæði því sem er vel gert og því sem mætti betur fara eða einfaldlega til að fá innblástur.

Á síðustu árum hafa mörg söfn endurskoðað grunnsýningar sínar og uppsetningin tekur í auknum mæli mið af varðveisluskilyrðum safngripa. Ég hef því ekki tekið ljósmyndir af öllum góðum lausnum sem víða er að finna en lesandinn er hvattur til að vera vakandi fyrir þeim þegar hann fer á söfn.

Ég kýs að sleppa að gefa upp hvar eða hvenær myndirnar eru teknar því að þær upplýsingar skipta ekki máli í þessu samhengi.

Mynd 1

Lykilorð: uppsetning safngripa, gólf, grunnsýning, stórir gripir, frístandandi, upplitun, upphækkun, merkingar, umhirða

Lýsing	Sýningarrýmið er kjallari. Horft er á 19. aldar orgel og fleiri húsgögn úr timbri, staðsett á gólfi. Nokkrir litlir gripir eru til sýnis ofan á þeim.
Athugasemdir	Við umhirðu (t.d. þegar gólf er ryksugað, sópað eða skúrað) eða þegar safngestir ganga um sýninguna er hætta á að rekast á gripina sem standa beint á gólfinu. Gripirnir geta einnig orðið fyrir skemmdum ef vatn flæðir inn í rýmið. Hætta er á að yfirborð gripanna rispist þegar litlu gripirnir sem standa ofan þeim eru færðir til. Hætta er á að yfirborð gripanna upplitist ójafnt vegna þess að litlu gripirnir hlífa að hluta yfirborði gripanna fyrir ljósi og för geta myndast með tímanum. Það sama gildir um gulan merkimiða sem límdur er beint á annan gripinn.
Tillögur um úrbætur	Smíða ætti upphækkun undir gripina (í t.d. 5-10 sentimetra hæð). Forðast ætti að stilla litlum gripum ofan á gripina nema þá að nota sýrufrítt undirlag á milli þeirra og orgelsins/púltsins og skipta reglulega um gripi. Fjarlægja ætti gula miðann og setja þess í stað miða með texta á vegginn.
Grunnreglur	Aldrei ætti að líma miða beint á gripi, jafnvel ekki með tímabundnum límefnum, s.s. kennaratyggjói. Forðast ætti ávallt að láta gripi standa beint á gólfi.

Myndir 2 og 3

Lykilorð: stutt sýning, samtímalist, öryggi safngripa, snerting, börn, ræstingar, gólf

Mynd 2

Mynd 3

Auður Lóa Guðnadóttur. Sýning: Forvera – Listasafn Akureyrar sumar 2022.
Birt með leyfi listamannsins.

Lýsing — Stutt sýning (<3 mánuðir). Samtímaverk sett upp af listamanninum. Verkin eru ekki í eigu listasafnsins. Sýningin er samsett af styttum úr pappamassa. Hluti af verkunum er sýndur beint á gólfinu. Skilti sem vara gesti við að snerta gripi stendur við inngang sýningarinnar en það getur verið erfitt fyrir yngstu gestina að átta sig á því.

Athugasemdir — Listamaðurinn vill sýna verkin beint á gólfinu og er meðvitaður um að erfitt getur verið að koma í veg fyrir að sum verk geti farst til eða verið snert. Sýningin stendur stutt.

Myndir 4, 5 og 6

Lykilorð: langtímasýning, samtímalist, sýningarrými, öryggi safngripa, ræstingar, gestir, gólf

Mynd 4: Katrín Sigurðardóttir, **Farmur**, 1999, LI-7385.
Á sýningu 2020.

Mynd 5: **Farmur** á sýningu árið 2004
Ljósmyndari: Katrín Sigurðardóttir.

Mynd 6: **Farmur**: nærmynd
Ljósmyndari: Katrín Sigurðardóttir.

Birt með leyfi Listasafns Íslands og listamannsins.

Lýsing — Mynd 4: Langtímasýning (5 ár). Samtímaverk. Verkið er samsett úr fimm trékössum sem standa opnir að ofan og á hliðum. Listamaðurinn vill sýna verkin beint á gólfinu og dreifa kössunum um sýningarrýmið eins og sést á mynd 5. Þar er verkið sýnt í stórum sýningarsal og gestir geta skoðað smáatriði í verkinu (mynd 6) eins og listamaðurinn hafði hugsað sér.

Athugasemdir — Gólfið er timburgólf og í svipuðum litatónum og verkið. Upphaflega var verkið staðsett á miðju gólfinu en vegna fjölda atvika þar sem gestir rákust í verkið var það fært nær súlum til að reyna að verja það.
Listamenn hafa ekki endilega sömu sýn á varðveislu safngripa og sérfræðingar safna. Þegar verk eru sýnd á gólfi safnast ryk á þau og líkurnar á að þau verði fyrir skemmdum aukast verulega (vegna umgangs gesta og ræstinga), einkum í litlum sýningarrýmum.

Grunnreglur — Mikilvægt er að safna saman upplýsingum um uppsetningu og varðveislu listaverka með því að tala við viðkomandi listamenn þegar söfn eignast ný verk. Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi safngrips á sýningu er ráðlegt að stytta sýningartíma. Jafnvel tveggja sentimetra upphækkun getur í flestum tilfellum skipt sköpum til að verja verk sem eru sýnd á gólfinu, ef listamaður samþykkir það. Annars er mikilvægt að tryggja rúmgott rými í kringum listaverkið.

Uppsetning gripa – veggir

Mynd 7

Lykilorð: grunnsýning, textíll, uppsetning, festingar

Lýsing

Grunnsýning (>20 ár). Horft er á áklæði frá 19. öld sem er hengt á vegg í baðstofu. Baðstofan er ekki í torfbæ heldur inni í sýningarsal.

Athugasemdir

Þessi gripur er illa farinn (slitinn) og gert hefur verið við hann. Hann hefur verið festur á pilið með nöglum sem hafa myndað göt og slit í efninu.

Mælt er með því að leitað sé til textílforvarðar til að sauma franskan rennilás á gripinn og breyta uppsetningunni.
Komið er að hvíldartíma fyrir pennan grip.

Aldrei á að nota festingar sem fara í gegnum grip eða hafa áhrif á lögun hans. Ekki ætti að sýna textílgripi lengi í einu nema gerðar séu sérstakar ráðstafanir varðandi ljósmagn og upphengi.

Mynd 8

Lykilorð: grunnsýning, trégripir, staðsetning, útveggir, ofn, gólf, umhirða, skordýr, upphækkun

Lýsing	Grunnsýning. Sýningarrýmið er á jarðhæð. Horft er á 19. aldar trégripi.
Athugasemdir	Viðargripirnir eru viðkvæmir fyrir hita- og rakabreytingum og eru of nálægt ofninum (ef hann er í notkun). Strokkurinn stendur beint á gólfinu, hætta er á að ryk safnist fyrir í horninu (kjöraðstæður fyrir skordýr). Umhirða getur verið erfið. Hillan undir askinn er of lítil.
Tillögur um úrbætur	Aftengja ætti ofninn. Koma ætti fyrir upphækkun undir gripina sem eru á gólfinu. Breyta ætti hillunni.
Grunnreglur	Forðast ætti að hafa gripi beint á gólfi. Gripi skal ekki staðsetja nálægt varma. Góð umhirða skal vera tryggð.

Mynd 9

Lykilorð: veggur, útveggur, textílar, herðatré, uppsetning, ofn, snerting, upplitun

Lýsing	Grunnsýning. Sýningarrýmið er í kjallara. Horft er á 20. aldar fatnað sem er hengdur upp á útveggi á mjóum herðatrjám. Þetta eru viðkvæmir gripir fyrir ljósi (upplitun), sliti og förum (vegna uppsetningar á herðatrjám), snertingu (blettir), skordýrum og hita- og rakasveiflum.
Athugasemdir	Gardínur útiloka dagsljósið. Mjó og óföðruð herðatré: hætta á er á förum og efnasliti. Herðatrén eru ekki fest og geta því dottið. Athugasemdir vegna staðsetningar gripanna: Gripirnir fyrir neðan glugga: hætta á vatnsskemmdum. Gripir fyrir ofan ofn: hiti. Gripirnir hanga beint á útvegg: hætta á skemmdum vegna rakamyndunar. Ryk safnast auðveldlega á textíla og meiri hætta á skemmdum fylgir því að rykhreinsa textíla en t.d. að þurrka ryk af húsgögnum.
Tillögur um úrbætur	Mælt er með að sýna textíla í lokuðum gler- eða plexiglerskápum. Mælt er með að fóðra herðatré. Ávallt skal tryggja loftflæði bak við gripina með því t.d. að mynda bil á milli gripa og veggjar. Skipta þarf reglulega um gripi. Fylgjast þarf með skordýrum (setja upp skordýragildrur).
Grunnreglur	Ekki ætti að staðsetja gripi nálægt varma eða undir glugga. Forðast ætti að sýna textíla utan skápa. Mælt er með því að skipta út textílum á grunnsýningu. Foraðst ætti að nota herðatré nema þau séu föðruð eða sérsmíðuð fyrir viðkomandi safngrip.

Mynd 10

Lykilorð: langtímasýning, málverk, plexigler, dagsljós, ofn, upplitun

Lýsing	Langtímasýning (10 ár +). Plexiglerkassi utan um málverk sem staðsett er á gangi með töluverðum umgangi.
Tillögur um úrbætur	Verkið er varið fyrir höggum og rykfalli. Þessi lausn hentar vel textílgripum. Staðsetning verksins fyrir ofan hitaveituofn er óheppileg. Loftgluggi fyrir ofan verkið hleypir dagsljósi inn í rýmið: hætta er á upplitun.
Grunnreglur	Færa ætti verkið á annan stað. Forðast skal að sýna safngripi nálægt ofnum.

Myndir 11 og 12

Lykilorð: uppsetning, montering, textíll, herðatré, höklar, plexigler, snerting, óupphitað sýningarrými

Mynd 11

Mynd 12

Lýsing	Á mynd 11 sést hökull á herðatré, hengdur upp á vegg í timburkirkju (ótímabundið). Á mynd 12 er svipaður hökull sem hangir á innvegg í sýningarsal, varinn með plexiglerhlíf (stutt sýning).
Athugasemdir	Vinstra megin er hökullinn óvarinn, hangir á óföðruðu herðatré. Veggurinn er útveggur og kirkjan er óeinangruð og óupphituð. Hökullinn liggur undir skemmdum. Hægra megin er hökullinn varinn fyrir ryki og snertingu með plexigleri. Hann hangir á föðruðu herðatré sem veitir góðan stuðning og kemur í veg fyrir slit og aflögun gripsins.
Grunnreglur	Höklar sem hanga lengi eru sérstaklega viðkvæmir fyrir aflögun vegna þess að þeir eru yfirleitt þungir. Þegar gripur er ekki í sýningarhæfu ástandi er ekki ráðlagt að sýna hann fyrr en hann hefur farið í forvörslu eða sýna hann með mjög góðum stuðningi á meðan hann er til sýnis.

Myndir 13a og b

Lykilorð: landakort, pappír, uppsetning, grunnsýning

Mynd 13a

Mynd 13b

Lýsing	Grunnsýning. Landakort hangir á vegg á upprunalegri viðarstöng. Pappírinn er rifinn og kortið er að losna frá stönginni (sjá mynd 13a).
Athugasemdir	Vegna þyngdar sinnar togar stöngin í pappírinn sem rifnar smátt og smátt undan álagi.
Tillögur um úrbætur	Gripurinn þarfnast forvörslu (styrkingar). Hægt væri að minnka álagið með því að setja stuðning undir stöngina (sjá rauðu örina) og lyfta henni um nokkra millimetra svo að hún liggi á stuðningnum í staðinn fyrir að hanga.
Grunnregla	Meta þarf áhrif vegguppsetningar á langtímavarðveislu gripa. Oft er auðvelt að setja stuðning undir gripina.

Myndir 14 og 15

Lykilorð: festingar, öryggi safngripa, þungir gripir, hönnun, grunnsýning, stál

Mynd 14

Mynd 15

Lýsing	Grunnsýning, þungir gripir úr steini. Sérsmíðaðar festingar úr stáli halda utan um gripina á öruggan hátt. Stuðningshillur hafa verið settar undir þyngstu gripina.
Athugasemdir	Í þessari útfærslu eru engar festingar settar á gripina sjálfa. Þessi lausn er í dag mjög algeng því að hún uppfyllir varðveisluskilyrði og gefur svigrúm fyrir hönnun.
Grunnregla	Mikilvægt er að setja mjúkt efni á milli gripa og festinga, í þessu tilfelli er hægt að nota t.d. *plastozote*-svamp.

Mynd 16

Lykilorð: festingar, girni

Lýsing	Girni er notað til að hengja upp tréspjald/fjöl á vegg.
Athugasemdir	Girni er ekki nógu sterkt til að halda uppi fjöl út timbri í langan tíma.
Tillögur um úrbætur	Fjalir er hægt að festa með því að skrúfa L-króka í vegginn ofan og neðan gripsins. Mælt er með því að klæða krókana með litlum plaströrum til að koma í veg fyrir að krókurinn rispi viðinn. Mikilvægt er að skoða vel lögun gripsins og þrýsta ekki fjölinni að veggnum.
Grunnregla	Girni er mikið notað á söfnum en plastið í því er misjafnt (gæði, lifstími) og hentar því ekki fyrir langtímasýningar.

Mynd 17

Lykilorð: uppsetning, litlir gripir, öryggi

Lýsing	Tímabundin sýning. Horft er á teskeið sem stendur á svörtu efni ofan á stöpli. Eldspýtustokkurinn hefur líklega upphaflega verið undir svarta efninu til að styðja við gripinn. Enginn hjálmur er yfir gripnum.
Athugasemdir	Engar öryggisráðstafanir. Auðvelt er að stela þessum grip.
Tillögur um úrbætur	Gott væri að setja gler- eða plexiglerhjálm yfir gripinn. Skipta ætti á eldspýtustokknum og setja í staðinn plexiglerkubb (sýnilegan) eða *plastozote®*-svamp (falinn undir efninu). Vanda á efnisval og forðast að nota efni sem geta haft skaðleg áhrif á safngripi. Eldspýtustokkurinn var fullur af eldspýtum.
Grunnreglur	Hafa þarf í huga: Forðist að sýna lítinn grip í stórum skáp. Það eru margar leiðir til að fylla tómt rými í skáp (upphækkun, textar, ljósmyndir) eða minnka rými (nota t.d. botn skápsins sem undirlag og festa lítinn plexiglerhjálm ofan á skeiðina).

Myndir 18, 19 og 20

Lykilorð: litlir gripir, festingar, vír, gler, öryggi safngripa, þjófnaður, umhirða

Mynd 18: Gler



Mynd 19: Timbur

Mynd 20: Textill, ull

Lýsing	Tímabundin sýning <6 mánuðir. Safngripir sýndir á púlti úr máluðum MDF-plötum og viðarhillu. Litlir safngripir eru sýndir án þess að nota skápa. Svæði er vaktað með öryggismyndavélum. Áskorun: Festa þarf gripi á öruggan hátt og án límingar.
Athugasemdir	Uppsetningin hentar ekki fyrir viðkvæma eða verðmæta gripi. Ryk fellur á gripina (nema leppana) og taka verður það til greina í umhirðuáætlun fyrir sýninguna. Með því að bora göt í plötuna er hægt að festa gripina með vír (myndir 18 og 19) . Hentar þó ekki þegar húsgögn eru notuð sem sýningarpúlt, t.d. borð, skrifborð eða kommóða. Ullarleppar (mynd 20): Undirlagið er máluð MDF-plata (borð). Með því að bora göt í MDF-plötuna var hægt að festa glerplötu fyrir ofan gripina. Glerplatan má samt ekki liggja á gripnum eða snerta hann. Þessi lausn hentar ágætlega fyrir flata gripi eins og skjöl.
Grunnreglur	Mikilvægt er að málningin sé alveg þurr. Mælt er með því að setja millilag (s.s. sýrufrían pappír undir gripina eða glæra plastfilmu undir glergripi. Gott er að hafa í huga að gestirnir skynja strax að þeir eiga ekki að lyfta gripum upp þegar festingar eru sýnilegar.

Mynd 21

Lykilorð: litlir gripir, festingar, vír, öryggi safngripa, plexigler

Lýsing	Tímabundin sýning <6 mánuðir. Gamalt húsgagn er notað sem sýningarborð til að sýna litla gripi. Plexiglerhjálmi hefur verið komið fyrir til að verja gripina.
Athugasemdir	Þessi lausn veitir ekki fullt öryggi en hún getur verið ásættanleg málamiðlun. Plexiglerhjálmurinn er laus því að ekki má festa gripina með því að skrúfa eða líma festingar í yfirborð húsgagna.
Grunnregla	Nauðsynlegt er að verja minnstu gripina til að koma í veg fyrir þjófnað og er ráðlagt að íhuga hvaða lausnir koma til greina þegar gömul húsgögn eru notuð sem sýningarborð.

Myndir 22 og 23

Lykilorð: grunnsýning, sýningarrými, uppsetning, gler, umhirða

Mynd 22

Mynd 23

Lýsing	Grunnsýningar. Tvö dæmi um sýningarrými sem eru herbergi með húsgögnum og safngripum. Aðgangur að sýningarrýminu er hindraður með lokaðri glerhurð. Rýmið sjálft verður eins og einn stór skápur.
Athugasemdir	Allt herbergið/rýmið er sýningarskápur. Þessi lausn gefur svigrúm varðandi uppsetningarmöguleika og veitir góða vörn gegn þjófnaði án þess að purfa að nota festingar. Ryk safnast jafnt á alla gripina og því er nauðsynlegt að íhuga umhirðu þeirra.

Sýningarskápar og hönnun

Mynd 24

Lykilorð: sýningarskápar, uppsetning, grunnsýning

Lýsing	Eldri skápur sem er hluti af grunnsýningu. Gripir (rúmfjalir) standa á botni skápsins.
Athugasemdir	Gripirnir njóta sín illa og uppsetningu þeirra virðist ólokið. Það vantar stuðning fyrir þessa gripi.
Tillögur um úrbætur	Auðvelt er að setja lítinn millivegg í skápinn með því að festa hann á botnplötuna (t.d. eins og öfugt T í laginu).
Grunnreglur	Mælt er með því að vanda uppsetningu safngripa, öryggis þeirra vegna og með virðingu fyrir safngestum í huga. Rúmfjalir eru mjög algengir safngripir í íslenskum söfnum. Þær geta verið viðkvæmar, sérstaklegar ef þær eru gerðar úr þunnum viði. Mikilvægt er að skoða ástand gripsins vandlega og búa til stuðning sem hentar.

Mynd 25

Lykilorð: gler, sjálfbærni, hönnun, sýningarskápar

Hönnuður: Thomas Pausz, 2018.

Lýsing	Stutt sýning. Dæmi um hönnun í sýningarskáp. Skápurinn (fjöldaframleiðsla) er einfaldur glerskápur (4 glerplötur, botn og toppur sem hægt er að taka í sundur). Uppsetningarbúnaður (hillurnar) innan skápsins er sérhannaður fyrir sýninguna.
Grunnregla	Mælt er með því að hafa sjálfbærni í huga við hönnun sýningar og forðast að smíða nýja skápa/innréttingar sem ekki er hægt að endurnýta.

Uppsetning safngripa
–sýningarskápar

Mynd 26

Lykilorð: sýningarskápar, uppsetning, stuðningur, gler

Lýsing

Langtímasýning (<10 ár). Blandaðir sögulegir gripir.
Heimasmíðaður skápur í tveimur hlutum, samsettur af sýningarkassa úr glerplötum, límdum saman, og trégrind undir kassann.

Athugasemdir

Gripirnir liggja á rauðu flaueli (pólýester). Engin lýsing er í skápnum.
Gripirnir standa mjög neðarlega sem er gott fyrir yngstu gestina og gesti í hjólastól. Aðrir gestir hafa tilhneigingu til beygja sig yfir skápinn og styðja sig við hann til að horfa á gripina. Þetta reynir á límingar glerplatna sem geta losnað með tímanum og brotnað.
Uppsetningin veitir gripunum ekki nógu góðan stuðning.
Þessi skápur hentar illa fyrir þessa tegund gripa og uppsetningin myndi fara betur í grynnri borðskáp.

Tillögur um úrbætur

Endurskoða þyrfti uppsetningu gripanna og styðja þarf betur við pappírsgripina.

Grunnregla

Mikilvægt er að stærð skápa henti stærðum gripanna sem eru í þeim (þ.e. að þeir séu hvorki of djúpir né of stórir).

Mynd 27

Lykilorð: sýningarskápar, uppsetning, stuðningur, ljós, öryggisgler

Lýsing

Langtímasýning (5 ár). Skápur 1: Horft er á textílgrip frá 19. öld: Þessi gripur hefur mikið varðveislugildi og er viðkvæmur fyrir ljósi og snertingu.
Skápar 1 og 2: Mjög stöðugir og loftþéttir hágæðaskápar (fjöldaframleiðsla) með möguleika á rakastýringu (t.d. með kísilgeli), úr öryggisgleri með UV-síu, innbyggðri lýsingu með birtustýringu og glerrennihurð. Hægt er að skipta rými í tvennt (sjá skáp 2) og skipta um botn. Skápunum er læst með lyklum.
Skápur 3: Loftþéttur hágæðaskápur (fjöldaframleiðsla) með möguleika á rakastýringu (með kísilgeli), öryggisgleri, innbyggðri lýsingu með dimmer og glerrennihurð. Með eða án glerhillna. Hægt er að skipta um botn, taka allan skápinn í sundur og flytja/geyma hann á einfaldan hátt. Skápnum er læst með lyklum. Þessi skápur hentar vel fyrir tímabundnar og ótímabundnar sýningar og fyrir búninga. Birta í rýminu: dagsljós og tvær tegundir af kösturum.
Staðsetning í lokuðum skáp ver gripinn fyrir snertingu, ryki, þjófnaði og reyk.
Stærsti kastarinn (hægra megin á myndinni) gefur frá sér hita en það er mjög óæskilegt. Dagsljós (óstöðug birta) truflar lýsinguna frá kösturunum (stöðug birta).
Skápur 1: Hallandi plata veitir gripnum stuðning og minnkar álagið á efnið (kemur í veg fyrir slit). Platan ver einnig gripinn fyrir dagsljósi. Hönnuðurinn valdi að nota við í skápunum en það er ekki ráðlagt vegna sýru í viðnum. Viðarplöturnar voru lakkaðar þrisvar með akrýllakki til að loka viðnum.

Grunnreglur

Mælt er með því að gripir séu ekki í beinni snertingu við viðarplötu. Á milli viðarins og gripanna er mælt með að hafa lag af sýrufríum pappír til að einangra gripinn frá plötunni.
Mælt er með að taka sér nógan tíma til að finna lakk sem hentar og gera tilraunir.
Láta skal lakkið þorna afar vel áður en gripnum er komið fyrir.

Mynd 28

Lykilorð: uppsetning, sýningarskápur, viðkvæmir gripir, pappír, dagsljós

Lýsing	Langtímasýning (>5 ár). Mismunandi gripir: skjöl, gamlar ljósmyndir, íþróttaskór úr leðri. Veggskápurinn (fjöldaframleiðsla) er líklega úr klæddum spónaplötum, glerhurðir.
Athugasemdir	Uppsetningin í lokuðum skáp ver gripina fyrir snertingu, ryki, þjófnaði og reyk (vegna eldsvoða). Margir pappírsgripanna eru án stuðnings (aflögun).
Tillögur um úrbætur	Búa ætti til stuðning fyrir viðkvæma gripi. Að minnsta kosti mætti setja pappírsgripi í ramma. Hægt væri að bæta heildarútlit uppsetningar gripanna með því að nota bakhlið skápsins til að hengja upp myndirnar í römmum. Litla gripi (verðlaunapeninga) mætti sýna á litlum stöpli. Fána væri hægt að láta hanga frá lofti skápsins eða frá glerhillunni.
Grunnregla	Mælt er með því að sýna ekki frumrit af skjölum og ljósmyndum nema í mjög takmarkaðan tíma og alls ekki í dagsljósi.

Myndir 29 og 30

Lykilorð: bækur, silkipappír, upplitun, gler, gólf, plexigler

Mynd 29

Mynd 30

Lýsing	Grunnsýning. Gamlar bækur til sýnis í heimasmíðuðum borðskáp úr máluðu timbri og plexigleri. Skápurinn er læstur með skrúfum.
Athugasemdir	Skápurinn kemur fyrir í veg fyrir snertingu, þjófnað og rykfall. Merki eru um að gripirnir hafi farst til þegar gestir ganga um (gólfið er ójafnt). Það vantar stuðning fyrir bækur (t.d. bókavöggur). Skrúfgangur í timbri er fljótur að eyðileggjast þegar nauðsynlegt er að opna skápinn oftar en einu sinni.
Tillögur um úrbætur	Útbúa ætti vöggur fyrir bækurnar og bæta sýrufríum silkipappír undir þær.
Grunnreglur	Bækur þarfnast oftast stuðnings þegar þær eru hafðar til sýnis opnar. Á langtímasýningu er nauðsynlegt að fletta bókum reglulega til að koma í veg fyrir að blaðsíðan sem valin er til sýningar upplitist.

Mynd 31

Lykilorð: uppsetning, montering, litlir gripir

Lýsing — Stutt sýning. Ermahnappar til sýnis í sýningarskáp.

Athugasemdir — Erfitt getur verið að koma minnstu gripunum þannig fyrir að þeir njóti sín sem best. Hér er dæmi um einfalda lausn þar sem pappírsform (til hægri) líkir eftir ermalíningu (manséttu). Gesturinn er fljótari að skilja hvers konar gripur þetta er en þegar hann liggur á hillu án stuðnings meðal fjölda annarra gripa.

Grunnregla — Skilningur gesta eykst þegar uppsetning gripa er vel ígrunduð.

Myndir 32a og b

Lykilorð: uppsetning, montering, litlir gripir

Mynd 32a

Mynd 32b

Lýsing — Grunnsýning. Horft er á silfurskeiðar sem eru til sýnis í glerskáp.

Athugasemdir — Litlir L-krókar eru notaðir til að festa gripina á bakhlið skápsins. Krókarnir eru fóðraðir með gegnsæju plaströri sem ver skeiðina gegn rispum.

Grunnregla — Málmgripir eru viðkvæmir fyrir núningi við aðra málma og er mælt með því að nota mjúkt og sýrufrítt efni á milli málmsins og gripsins.

Mynd 33

Æfing fyrir lesandann!

Lýsing Borðskápur úr timbri og gleri. Mismunandi textílgripir sem sýna handverk.
.....

Athugasemdir Skápur? Uppsetning gripa?.....

Tillögur um úrbætur .....
.....

.....
.....

.....
.....
.....
.....

Myndir 34 og 35

Lykilorð: endurröðun, borðskápar, dagsljós, textíll, litlir gripir, upplitun, UV (útfjólublátt ljós)

Mynd 34

Mynd 35

Lýsing Grunnsýning. Endurröðun gripa í borðskáp: Fyrir og eftir.

Athugasemdir Mynd 34: Uppsetning gripa í borðskápnum er *flöt* (allir gripir eru *liggjandi*).
Sumir gripirnir sjást illa og eru huldir undir öðrum gripum.
Mynd 35 (eftir breytingarnar): Ný uppröðun, gripum hefur verið fækkað eða þeir fluttir á milli skápa, sumum gripum lyft upp. Gripirnir njóta sín betur.

Grunnreglur Frá varðveislusjónarmiði er mikilvægt að birtan sem fellur á safngrip sé nokkuð jöfn. Forðast skal að hluti grips fái ekkert ljós ef annar hluti hans er lýstur.
Hætta er á að gripurinn upplitist að hluta.
Í sýningarrýmí þar sem birta frá dagsljósi er óumflýjanleg er nauðsynlegt að setja UV-filmur á glugga eða á glerskápa. Mælt er einnig með því að breiða yfir skápa þegar safninu er lokað.

Myndir 36a og b

Lykilorð: festingar, *propps*, langtímasýning

Mynd 36a

Mynd 36b

Uppsetning viðkvæmra gripa – *montering*

Lýsing	Langtímasýning (>10 ár). Gripir úr daglegu lífi á sýningu í einkasafni.
Athugasemdir	Margir gripir eru festir með skrúfum sem fara í gegnum þá og mynda göt á gripunum.
Grunnreglur	Safngripir eða props? Uppsetning þessara gripa dregur úr vægi þeirra: út frá uppsetningunni mætti ætla að þeir séu ekki merkilegir eða upprunalegir. Þegar props er notað ásamt safngripum er mælt með því að taka það fram á upplýsingaspjaldi. Mikilvægt er að forðast ávallt að bora í gripi eða líma festingar á þá.

Mynd 37

Lykilorð: uppsetning búninga, gínur, plast, silkipappír

Lýsing — Grunnsýning. Kvenpjóðbúningur á búðargluggagínu í sýningarskáp.

Athugasemdir — Hætta er á að efni úr gínunni smitist yfir á textílana.

Grunnreglur — Búðargínur eru sjaldan úr efni sem hentar til langtímavarðveislu safngripa og er því ekki ráðlagt að nota þær nema í stuttan tíma.
Gínur eru dýrar og víða á söfnum er notuð ódýrasta gerð. Mikilvægt er að koma í veg fyrir að búningar séu í beinni snertingu við gínurnar (sem innihalda oft plastefni eins og pólýstýren) með því t.d. að fóðra gínuna með sýrufríum silkipappír. Kaup á gæðagínu úr pólýester er langtímafjárfesting.
Sama regla gildir um fyllingarefni sem notuð eru til að aðlaga gínuna að búningnum. Þegar um langtímasýningu er að ræða er mælt með því að leita til textílforvarðar við uppsetningu viðkvæmra textíla.

Mynd 38

Lykilorð: gínur, búningur, uppsetning, herðatré, silkipappír

Lýsing — Stutt sýning. Búningar á herðatrjám, fóðruðum með pólýester-tróði og sýrufríum silkipappír.

Athugasemdir — Hér er dæmi um uppsetningu búninga án gínu sem er ódýr lausn þegar kaup á gínum eru ekki í boði.

Mynd 39

Lykilorð: grunnsýning, viðkæmir gripir, montering, stál, stuðningur

Lýsing	Grunnsýning, viðkæmir viðargripir í sýningarskáp. Montering úr stáli, sérsmíðuð til að henta nákvæmlega fyrir þennan grip.
Athugasemdir	Uppsetningin veitir traustan stuðning.

Merkingar

Mynd 40

Lykilorð: grunnsýning, bækur, pappír, borðskápar, gler, ljós, plexigler, öryggisgler



Lýsing

Grunnsýning (>20 ár). Horft er á bók sem er til sýnis ásamt fleiri bókum í borðskáp úr timbri sem lokast með glerplötu (einfalt gler). Skápurinn opnast eingöngu með því að lyfta glerinu upp með sogblöðku. Ljóskastari er staðsettur fyrir ofan skápinn.

Athugasemdir

Pappírsgripir eru mjög viðkvæmir fyrir ljósi. Hér er veruleg hætta á að merkimiðinn sem liggur ofan á gripnum skilji eftir sig för á pappírnum vegna þess að hann hlífir hluta bókarinnar fyrir ljósi. Efni úr merkimiðanum (sýra, litur) getur smitast inn í bókina. Glerið getur brotnað við högg.

Tillögur um úrbætur

Fjarlægja ætti gula miðann.
Minnka mætti birtumagn með því t.d. að færa ljóskastara lengra frá skápnum.
Bæta ætti öryggi gesta og gripa með því að skipta um gler og nota öryggisgler eða plexigler í staðinn.

Grunnreglur

Birtumagn: Mælt er með 50 lúxa ljósmagni fyrir pappírsgripi.
Bækur þarfnast oft smávegis stuðnings og mega helst ekki standa of lengi opnar án hreyfingar, sérstaklega í þurru umhverfi (hætta er á að ekki verði hægt að loka þeim aftur).
Opinni bók þarf að fletta reglulega til að minnka álag á bandið og kápuna (gott er að búa til áætlun um þetta). Mikilvægt er að takmarka ljósmagn.
Forðast ætti notkun viðar við hönnun sýningarskápa fyrir langtímasýningu.
Timbur gefur frá sér sýru (sérstaklega í upphafi) sem getur haft áhrif á varðveislu einstakra gripa sem eru til sýnis í lokuðum skápum.
Ávallt skal nota öryggisgler við gerð sýningarskápa.

Myndir 41 og 42

Lykilorð: sögulegt hús, grunnsýning, birtumagn, lím, kennaratyggjó, teiknibólur, merkingar, millilag

Mynd 42

Mynd 41

Lýsing

Grunnsýning (>20 ár) í sögulegu húsi.
Mynd 41: Málaður kistill frá lokum 18. aldar. Merkimiðinn er festur með kennaratyggjói. Mynd 42: lár, merkimiðinn er festur með teiknibólum.

Athugasemdir

Mynd 41: Hætta er á að feiti úr kennaratyggjói smitist inn í viðinn. Líklegt er að för verði eftir á viðnum þegar miðinn er fjarlægður vegna þess að miðinn ver viðinn fyrir ljósi en viðurinn sem er í birtunni upplitast. Kistillinn stendur á stærri grip (skrifborði) án millilags til að verja yfirborð borðsins (hætta er á rispum).
Mynd: 42: Lár: Teiknibólurnar (kopar) hafa tærst og spanskgrænan frá tæringunni getur smitast út og skilið eftir sig för á lárnum ásamt götum eftir bólurnar.

Tillögur um úrbætur

Fjarlægja þarf miðana sem fyrst.

Grunnreglur

Aldrei skal nota festingar sem skilja göt eftir sig í gripnum s.s. teiknibólur, nagla, hefti, skrúfur og ekki heldur lím, límband eða kennaratyggjó. Mælt er með því að setja millilag undir alla gripi sem standa ofan á öðrum safngrip og forðast ójafna upplitun með því að færa þá til reglulega.

Mynd 43

Lykilorð: merkingar, varðveisluskilyrði, ljós



Í þessum skáp eru viðkvæmir safnmunir sem þola ekki birtu. This display contains fragile artifacts, sensitive to light.

Lýsing — Miði með texta um gripi, límdur á sýningarskáp. Í hægra horni að neðan er texti sem útskýrir hvers vegna birtan er í lágmarki í skápnum.

Athugasemdir — Sýnilegar upplýsingar fyrir gesti um varðveisluskilyrði eru merki um fagmennsku í safnastarfi. Safngestir skilja yfirleitt aðstæður og eru sáttari við lágmarksbirtu ef hún er útskýrð.

Myndir 44 og 45

Lykilorð: öryggi, snerting, opið rými, gólf, langtímasýning, málverk

Mynd 44

Lýsing — Mynd 44: Langtímasýning (5 ár). Málverk í sérsmíðuðum stálrömmum á fótum.

Athugasemdir — Límbandið, sem á að vera öryggislína á gólfinu og á að vara gesti við að koma nær verkunum, er ósýnilegt.

Grunnregla — Öryggisúrræði eiga að vera skýr og sýnileg þrátt fyrir að þau trufli örlítið heildarfagurfræði sýningarinnar.

Mynd 45: þetta virkar!

Mynd 46

Lykilorð: höggmyndir, öryggi, snerting, opið rými, hönnun

Lýsing — Grunnsýning. Öryggisbúnaður til að koma í veg fyrir snertingu. Gripurinn er höggmynd úr steini sem er viðkvæmur fyrir óhreinindum og fitu.

Athugasemdir — Hér er verið að gefa skýr skilaboð um að ekki megi snerta gripinn.

Grunnregla — Að snerta hluti er mannleg hegðun og oft gleymir fólk sér þrátt fyrir að það viti að það megi ekki snerta. Best er að ekkert fari á milli mála og gerðar séu ráðstafanir gegn snertingu við hönnun sýningarinnar.

Mynd 47

Lykilorð: öryggi, gler, snerting, börn, upphækkun, höggmyndir, opið rými, gólf

Lýsing — Stutt sýning. Höggmyndir eru til sýnis á palli í opnu rými (millibilsástand). Til stendur að setja gler fyrir og loka fyrir pallinn.

Athugasemdir — Upphækkun frá gólfi er alltaf góð lausn til mynda öryggisbil á milli gripa og gesta. Ef þessi uppsetning væri varanleg væri nauðsynlegt að endurskoða staðsetningu verkanna.

Grunnregla — Áhugi barns á listaverki/safngrip felur oft í sér að koma við gripinn, sérstaklega ef það er hægt. Best er að byggja fjölskyldu- og barnvæna sýningu þannig upp að foreldrar þurfi ekki að hafa áhyggjur af hegðun barnanna gagnvart safngripum.

Mynd 48

Lykilorð: gler, öryggi, jarðskjálftar, sýningarskápar, gólf, frístandandi, plexigler

Lýsing — Grunnsýning, eftir jarðskjálfta. Gler í skápunum er ekki öryggisgler, skáparnir sem liggja á gólfinu voru frístandandi.

Athugasemdir — Áhættumat er hluti af viðbragðsáætlun safna. Með því að fara eftir niðurstöðu áhættumats er hægt að draga úr áhrifum atburða, t.d. jarðskjálfta.

Grunnregla — Mikilvægt er að nota eingöngu öryggisgler eða plexigler við gerð sýningarskápa. Á jarðskjálftasvæðum er nauðsynlegt að huga vel að stöðugleika skápa og festingum gripa.

Mynd 49

Lykilorð: öryggi, hönnun

Lýsing — Tímabundin sýning á gersemum þjóðar. Hver gripur er sýndur í lokuðum skáp. Skáparnir eru umkringdir stálrimlum.

Athugasemdir — Þetta er óvenjuleg lausn þar sem umfang öryggisbúnaðar er yfirþyrmandi. Erfitt er að sjá gripina en gesturinn gerir sér óneitanlega grein fyrir gildi gripanna.

Grunnregla — Mælt er með því að finna jafnvægi á milli hönnunar, öryggis og varðveisluskilyrða.

Staðsetning öryggisbúnaðar í sýningarrými

Myndir 50a og b

Lykilorð: öryggisbúnaður

Mynd 50a

Mynd 50b

Lýsing Sýningarsalur. Horft er á staðsetningu slökkvitækis í sýningarsal (sjá örina).

Athugasemdir Tækið er falið ofan í kassa og eingöngu handfangið er sýnilegt. Staðlaða merkingu um slökkvitæki vantar á vegginn fyrir ofan tækið.

Grunnregla Slökkvibúnaður verður ávallt að vera sýnilegur og aðgengilegur fyrir alla. Mörgum finnst öryggisbúnaður ljótur og of áberandi en gestir taka yfirleitt ekki eftir honum ... nema í neyð!

Mynd 51

Lykilorð: öryggisbúnaður, merkingar

Lýsing Slökkvitæki í sýningarsal.

Athugasemdir Staðsetning tækisins og merkingar til fyrirmyndar.

Grunnregla Slökkvibúnaður verður ávallt að vera sýnilegur og aðgengilegur fyrir alla.

Dagsljós

Myndir 52a, b og c

Lykilorð: sögulegt hús, birtumagn, ljós, dagsljós, UV (útfjólublátt ljós), staðsetning gripa, upplitun, textíll

Mynd 52a

Mynd 52b: Útsaumur til vinstri á veggnum, nærmynd.



Mynd 52c: Útsaumur til hægri á veggnum, nærmynd.

Lýsing	Grunnsýning. Tveir svipaðir textílgripir hanga á vegg í sögulegu húsi. Vinstri gripurinn stendur við hliðina á glugga en dagsljós skín ekki beint á hann. Aftur á móti skín dagsljós beint á hægri gripinn.
Athugasemdir	Þegar gripirnir tveir eru skoðaðir hlið við hlið sést vel hversu mikið hægri gripurinn hefur upplitast.
Grunnreglur	Dagsljós veldur upplitun á flestum safngripum. Litarefni í textílum upplýsist mjög hratt og varanlega í sterku dagsljósi. Birta frá ljósaperu getur einnig verið skaðleg fyrir safngripi ef peran gefur frá sér hita og útfjólublátt (UV) ljós. Mælt er með því að velja *LED*-perur með vægu ljósi.

Mynd 53

Lykilorð: birtumagn, ljós, dagsljós



Lýsing	Grunnsýning. Gluggatjöld fest við loft og gólf, nokkrum sentimetrum frá glugga.
Athugasemdir	Margir hönnuðir vilja leyfa dagsbirtu í sýningarrýmí en dagsljós er skaðlegt fyrir meirihluta safngripa. Lausnin hér dregur verulega úr áhrifum dagsbirtu en útilokar hana ekki alveg. Enginn safngripur er staðsettur nálægt gluggum.
Grunnregla	Meta þarf mjög vandlega áhrif dagsljóss á langtímavarðveislu safngripa.

Safngripir og skordýr

Myndir 54, 55 og 56

Lykilorð: matvæli, skordýr, langtímasýning

Mynd 54

Mynd 55



Mynd 56

Lýsing	Langtímasýning (>10 ár). Horft er á heimasmíðaðan sýningarskáp úr timbri og gleri (mynd 54). Í skápnum eru gripir úr daglegu lífi og töluvert af matvörum í upprunalegri pakkningu. Skordýr hafa komið sér fyrir í Cheerios-pakkanum (mynd 55) og flutt sig á milli gripa (mynd 56) í öllum skápnum.
Athugasemdir	Nauðsynlegt er að fjarlægja alla gripina og frysta þá til að losna við skordýr. Líklega er þörf á að skoða alla skápa á sýningunni.
Grunnreglur	Mælt er með því að tæma umbúðir sem innihalda matvörur. Hætta er á skordýrum í korni, hrísgrjónum, pasta, sykruðum mat o.s.frv. Matvæli og drykkir geta gerjast í lokuðum umbúðum með tímanum og gas getur myndast í dósum og flöskum og þær að lokum sprungið.

Mynd 57

Æfing fyrir lesandann!

Lýsing	.....
Athugasemdir	.....
Grunnreglur	.....

Safngripir og rakastig

Mynd 58

Lykilorð: rakastig, salt, skemmdir, útihús, forvarsla, málmur, leður, óupphitað sýningarrými, *propps*

Lýsing	Grunnsýning í verbúð við sjó. Horft er á grip úr málmi og leðri.
Athugasemdir	Sýningarrýmið er óeinangrað og hita- og rakastig er mjög svipað innandyra og utan. Málmgripir ryðga fljótt við þessar aðstæður (hátt rakastig og mikið salt). Gripurinn er mjög illa farinn og þarfnast mikillar forvörslu ef á að varðveita hann til framtíðar.
Grunnreglur	Þegar sýningaraðstæður skapa hættu fyrir langtímavarðveislu gripa er mikilvægt að hafa það í huga snemma við undirbúning sýningar og forðast að nota gripi sem hafa mikið varðveislugildi og eru einstakir. Mælt er með því að nota *propps*/endurgerðir. Forvarsla á grip er tilgangslaus ef gripurinn er áfram til sýnis í umhverfi sem veldur skemmdum.

Myndir 59 og 60

Lykilorð: rakastig, skemmdir, keramik, útfellingar, viðgerð, kísilgel (*silikagel*)

Mynd 59

Lýsing	Mynd 59: Grunnsýning, viðgerð ofnflís með glerungi. Mynd 60: Kísigel.
Athugasemdir	Hvítar útfellingar gefa vísbendingu um hátt rakastig í sýningarrými. Þær hafa myndast á viðgerðum svæðum gripsins því að efnið sem var notað í forvörslu inniheldur líklega sölt af einhverju tagi.
Grunnregla	Mikilvægt er að skapa umhverfi sem miðast við polmörk safngripa. Ýmislegt er hægt að gera til að draga úr raka eða auka hann í sýningarskáp ef hann er loftþéttur.

Mynd 60

Umhirða sýningar

Mynd 61

Lykilorð: óhreinindi, umhirða

Lýsing	Grunnsýning, óhreinindi á botni sýningarskáps.
Athugasemdir	Ryk/óhreinindi safnast fyrir í skápum sem eru ekki loftþéttir. Óhreinindi sjást greinilega og gefa til kynna að umhirðu sé ábótavant. Safngestir geta orðið fyrir vonbrigðum með safnið.
Grunnreglur	Umhirðuáætlun er grunnþáttur í varðveislu safngripa á langtímasýningu. Gott aðgengi að gripunum er mikilvægt til að geta sinnt umhirðunni. Þennan þátt þarf að ígrunda í hönnunarferli sýningar.

Myndir 62, 63a og b

Lykilorð: uppsetning gripa, festingar, hefti, girni, málverk, rúmfjöl

Mynd 62

Mynd 63a og b: Þessar gömlu festingar (snúrur og hefti) henta ekki en mikilvægt er að varðveita og skrá heimildir um upphengi málverka.

Lýsing	Mynd 62: Girni fest í rúmfjöl með heftum. Mynd 63: Bönd fest í ramma með heftum.
Athugasemdir	Girni (oftast úr næloni) er ekki nógu sterkt til að halda uppi rúmfjöl og á því teygist undan þyngd gripsins. Hefti henta ekki til að festa girni, snúrur eða vír.
Tillögur um úrbætur	Rúmfjalir er hægt að festa með því að skrúfa L-króka í vegginn ofan og neðan gripsins. Mikilvægt er að skoða vel lögun gripsins og prýsta honum ekki að veggnum.
Grunnreglur	Festingar eiga aldrei að valda skemmdum á grip (hér götum í viðnum), jafnvel þótt um bakhlið gripsins sé að ræða. Mælt er með því að klæða krókana með litlum plaströrum til að koma í veg fyrir að krókurinn rispi viðinn.

Mynd 64

Lykilorð: millilag, silkipappír



Lýsing	Frágangur safngripa sem liggja á máluðu yfirborði.
Athugasemdir	Sýrufrírum silkipappír komið fyrir undir hverjum grip.
Grunnregla	Mælt er með því að leyfa málningu að porna að minnsta kosti í viku áður en gripum er komið fyrir og nota ávallt millilag til að tryggja að málning festist ekki á gripum.

Myndir 65, 66 og 67

Lykilorð: festingar, öryggi, þjófnaður, jarðskjálftar, málverk, rammar

Mynd 65



Mynd 66

Mynd 67

Lýsing	Mynd 65: Skrúfu er komið fyrir í veggnum bak við málverk/verk í ramma. Plasthúðaður stálvír og klemmur eru notuð til að bæta öryggi gagnvart þjófnaði eða jarðskjálftum (myndir 65 og 66).
Athugasemdir	Þetta er ódýr lausn en hún er einnota. Hægt er að kaupa sérstaka öryggiskróka (mynd 68) sem henta líka vel og er hægt að nota aftur.
Grunnregla	Hætta á jarðskjálftum og þjófnaði er mismikil og hana þarf að meta í hverju tilviki fyrir sig.

Mynd 68

Og svo framvegis...

Listi yfir lykilorð

B
birtumagn: 111, 124, 125
borðskápar: 103, 110
búningar: 106
bækur: 99, 110
börn: 72, 116,

E
endurröðun: 103

F
festingar: 77, 83, 84, 87, 88, 104, 137, 141
frístandandi: 71, 117

G
girni: 84, 139
gínur: 106,107
gler: 87, 89, 93, 96, 99, 110, 116, 117
gólf: 71, 72, 73, 78 ,99, 114, 116, 117
grunnsýning: 71, 77, 78, 89, 92, 108, 110, 111

H
hefti: 141
herðatré: 79, 81, 107
höggmyndir: 115, 116
höklar: 81
hönnun: 83, 91, 93, 115, 118

J
jarðskjálftar: 117, 141

K
kennaratyggjó: 71,111
keramik: 133
kísilgel: 133

L
langtímasýning: 73, 80, 96, 97, 98, 99, 104, 114, 128
litlir gripir: 86, 87, 88, 89, 100, 101, 103
ljós: 110, 112, 124, 125

M
málverk: 80, 114, 139, 141,
merkingar: 71, 112, 121
millilag: 111, 140
montering: 81, 100, 101, 108

O
ofn: 10, 78, 79
opið rými: 114, 115, 116
óhreinindi: 137
óupphitað sýningarrými: 81, 132

P
pappír: 82, 98, 99, 110, 140
plexigler: 80, 81, 88, 99,110, 117
propps: 104, 132

R
rakastig:132, 133
rammar: 137
rúmfjöl: 137
ræstingar: 72, 73

S
salt: 132
samtímalist: 72, 73
silkipappír:106, 107, 140
sjálfbærni: 93
skordýr: 78, 128
slökkvibúnaður: 120, 121
snerting: 72, 79, 81, 114, 115, 116
stál: 83,108
stórir gripir: 71
stuðningur: 97, 96, 108
sýningarrými: 73, 81, 89, 132
sýningarskápar: 92, 96, 97, 98, 117
sögulegt hús: 111, 124

T
textíll: 77, 81, 124
trégripir: 79

U
umhirða: 71, 78, 87, 89,137
upphækkun: 70, 78, 116
upplitun: 71,79, 80, 99, 103, 111, 124
uppsetning: 71, 77, 79, 81, 86, 89, 92, 96, 97, 98, 100, 101, 107,139
UV: 103, 124
útfellingar: 133

Þ
þjófnaður: 87, 141
þungir gripir: 83

Ö
öryggi: 72, 73, 74, 75, 83, 86, 87, 88, 114, 115, 116, 117, 141
öryggisgler: 97, 110, 117